

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2012/EES/57/01	Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA – Viðbótar leiðbeinandi reglur um lóðréttar takmarkanir í samningum um sölu og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og um dreifingu á varahlutum í vélknúin ökutæki.	1
2012/EES/57/02	Upplýsingar frá EFTA-rikkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu))	15
2012/EES/57/03	Kynningatilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Ákvæði um almannaþjónustukvaðir í áætlunarflugi á leiðum í Finnörku og Norður-Troms.	16
2012/EES/57/04	Kynningatilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir í Finnörku og Norður-Troms.	16
	3. EFTA-dómstóllinn	
2012/EES/57/05	Dómur dómstólsins frá 15. desember 2011 í máli E-1/11 – Dr. A.	17
2012/EES/57/06	Dómur dómstólsins frá 30. mars 2012 í sameinuðum málum E-17/10 og E-6/11 – Furstadæmið Liechtenstein og VTM Fundmanagement AG gegn Eftirlitsstofnun EFTA.	18
2012/EES/57/07	Dómur dómstólsins frá 30. mars 2012 í máli E-7/11 – Grund, elli- og hjúkrunarheimili gegn Lyfjastofnun.	19
2012/EES/57/08	Dómur dómstólsins frá 18. apríl 2012 í máli E-15/10 – Posten Norge AS gegn Eftirlitsstofnun EFTA.	20

III EB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

2012/EES/57/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6541 – Glencore/Xstrata)	21
2012/EES/57/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6677 – MOL/KMG EP/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	22
2012/EES/57/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6599 – Comsa Rail Transport/Naviland Cargo/Grupo Logistico Sesé/Target)	23
2012/EES/57/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6600 – AAEC/Entero/BMC Investments)	23
2012/EES/57/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6638 – ABN AMRO/Rabobank/Landsbanki/Heiploeg)	24
2012/EES/57/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6668 – Mond/Nordenia)	24
2012/EES/57/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6688 – KKR/Württembergische Metallwaren Fabrik)	25
2012/EES/57/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6693 – Tech Data/Brightstar Europe)	25
2012/EES/57/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6698 – Cheung Kong Holdings/Cheung Kong Infrastructure Holdings/Power Assets Holdings/MGN Gas Networks)	26
2012/EES/57/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6712 – Carlyle/Getty Images)	26
2012/EES/57/19	Ríkisaðstoð – Malta – Málsnúmer SA.33829 (2012/C) (áður-2012/NN) – Kerfi tonnatöluskatts og aðrar ríkisaðstoðarráðstafanir í þágu skipafélaga á Möltu – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.	27
2012/EES/57/20	Ríkisaðstoð – Frakkland – Málsnúmer SA.22843 (2012/C) (áður 2012/NN) – Siglingaleiðir milli Marseille og Korsíku sem eru starfræktar af SNCM og CMN – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.	27
2012/EES/57/21	Ríkisaðstoð – Austurríki – Málsnúmer SA.15836 (2012/C) (áður NN 34/2000 og NN 34A/2000) – AMA markaðsráðstafanir – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.	28
2012/EES/57/22	Ríkisaðstoð – Ítalía – Málsnúmer SA.33412 (2012/C) (áður 2011/N) – Framlenging á aðstoðarkerfi vegna þróunar á birgðastjórnunarkerfum og endurbætur á samþættingu (Ecobonus) – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.	28

2012/EES/57/23	Ríkisaðstoð – Grikkland – Málsnúmer SA.28876 (2012/C) (áður 2012/NN) – Gámahöfnin í Piraeus og Cosco Pacific Limited – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.	29
2012/EES/57/24	Ákvörðun um að hætta formlegri rannsókn í kjölfar þess að aðildarríki afturkallar tilkynningu – Ríkisaðstoð – Ítalía – (107. til 109. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins) – Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans – Tilkynning afturkölluð Málsnúmer SA.28642 (C 17/10 (áður N 315/09)) – Firmin Srl.	29

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA

2012/EES/57/01

Viðbótar leiðbeinandi reglur um lóðréttar takmarkanir í samningum um sölu og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og um dreifingu á varahlutum í vélknúin ökutæki

A.

Tilkynningin, sem hér birtist, er gefin út í samræmi við ákvæði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði (er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir) og samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (er nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir).

B.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gefið út tilkynningu með yfirskriftinni „Viðbótar leiðbeinandi reglur um lóðréttar takmarkanir í samningum um sölu og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og um dreifingu á varahlutum í vélknúin ökutæki.“⁽¹⁾ Í þeirri gerð, sem er ekki bindandi, er lýst þeim reglum sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fer eftir við mat á lóðréttum samningum samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins um sölu og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og um dreifingu á varahlutum í vélknúin ökutæki.

C.

Að áliti Eftirlitsstofnunar EFTA varðar ofangreind gerð Evrópska efnahagssvæðið. Tilkynning þessi er gefin út í því skyni að viðhalda jafngildum samkeppnisreglum og tryggja að samkeppnisreglum EES-samningsins sé beitt með sama hætti á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Byggt er á valdheimildum Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. Stofnunin mun fylgja þeim sjónarmiðum og reglum, sem mælt er fyrir um í þessari tilkynningu, þegar hún beitir viðeigandi EES-reglum í hverju tilteknu máli.

I. INNGANGUR

1. Markmið leiðbeinandi reglnanna

- 1) Leiðbeinandi reglur þessar hafa að geyma meginreglur sem nota má til að meta skv. 53. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði („53. gr.“ í því sem fer hér á eftir) einstök atriði sem koma upp í sambandi við lóðréttar takmarkanir í samningum um sölu og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og um dreifingu á varahlutum. Þær fylgja með gerðinni sem um getur í lið 4b í XIV. viðauka við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 461/2010 frá 27. maí 2010⁽²⁾ um beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði gagnvart tilteknum flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða á sviði vélknúinna ökutækja) („hópundanþága varðandi vélknúin ökutæki“ í því sem hér fer á eftir) og er ætlað að aðstoða félög við að meta sjálf slíka samninga.
- 2) Leiðbeinandi reglur þessar skýra atriði sem skipta sérstaklega miklu máli fyrir ökutækjajafnaðinn, m.a. túlkun á viðeigandi ákvæðum gerðarinnar sem um getur í 2. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 330/2010 frá 20. apríl 2010⁽³⁾ um beitingu 3. mgr. 53. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum lóðréttra samninga og samstilltra

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 138, 28.5.2010, bls. 16–27.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 129, 28.5.2010, bls. 52, felld inn í lið 4b í XIV. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun nr. 91/2010 (Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 44, og EES-viðbætur nr. 59, 21.10.2010, bls. 13).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 102, 23.4.2010, bls. 1, felld inn í 2. lið XIV. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun nr. 77/2010 (Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 35, og EES-viðbætur nr. 49, 16.9.2010, bls. 34).

aðgerða ⁽⁴⁾ („almenna lóðréttá hópundanþágan“ í því sem hér fer á eftir). Leiðbeinandi reglur þessar hafa ekki áhrif á beitingu Leiðbeinandi reglna um lóðréttar takmarkanir ⁽⁵⁾ („almennar lóðréttar leiðbeinandi reglur“ í því sem hér fer á eftir) og ber því að túlka þær með hliðsjón af og sem viðbót við Almennar lóðréttar leiðbeinandi reglur.

- 3) Leiðbeinandi reglur þessar gilda um bæði lóðréttá samninga og samstilltar aðgerðir í tengslum við skilyrði fyrir því að aðilar geti keypt, selt eða endurselt varahluti og/eða þjónustu á sviði viðgerða og viðhalds á vélknúnum ökutækjum og um lóðréttá samninga og samstilltar aðgerðir í tengslum við skilyrði fyrir því að aðilar geti keypt, selt eða endurselt ný vélknúin ökutæki. Eins og fram kemur í II. þætti þessara leiðbeinandi reglna, mun síðarnefndi flokkur samninga og samstilltra aðgerða áfram lúta viðeigandi ákvæðum í fyrrnefndri gerð sem um getur í lið 4b í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1400/2002 frá 31. júlí 2002 ⁽⁶⁾ um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart tilteknum flokkum lóðréttá samninga og samstilltra aðgerða á sviði vélknúinna ökutækja) til 31. maí 2013. Leiðbeinandi reglur þessar, að því er varðar lóðréttá samninga og samstilltar aðgerðir í tengslum við kaup, sölu og endursölu á vélknúnum ökutækjum, munu því aðeins gilda frá 1. júní 2013. Leiðbeinandi reglur þessar gilda ekki um lóðréttá samninga í öðrum atvinnugreinum en ökutækjaiðnaði og ekki er endilega unnt að nota þær við mat á samningum í öðrum atvinnugreinum.
- 4) Leiðbeinandi reglur þessar eru með fyrirvara um hugsanlega samhliða beitingu 54. gr. EES-samningsins gagnvart samningum í ökutækjaiðnaði, eða gagnvart túlkun EFTA-dómstólsins í tengslum við beitingu 53. gr. gagnvart slíkum lóðréttum samningum eða túlkun Dómstóls Evrópusambandsins eða Almenna dómstólsins í tengslum við beitingu 53. gr. EES-samningsins og 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart slíkum lóðréttum samningum.
- 5) Greining og rök sem koma fram í þessum leiðbeinandi reglum gilda um öll þrep viðskipta, nema annað sé tekið fram. Hugtökin „birgir“ og „dreifiaðili“ ⁽⁷⁾ eru notuð í öllum þrepum viðskipta. Almenn lóðrétt hópundanþága og hópundanþága varðandi vélknúin ökutæki kallast einu nafni „hópundanþága“.
- 6) Beita verður reglum þeim sem koma fram í þessum leiðbeinandi reglum gagnvart hverju einstöku máli með hliðsjón af málsatvikum og lagaumhverfi. Eftirlitsstofnun EFTA mun beita ⁽⁸⁾ þessum leiðbeinandi reglum á sanngjarnan og sveigjanlegan hátt og hafa hliðsjón af fenginni reynslu af framfylgni og markaðseftirliti.
- 7) Saga framfylgdar á samkeppnisreglum í þessari atvinnugrein sýnir að unnt er að ná fram tilteknum takmörkunum með ótvíræðum, beinum samningsskuldbindingum eða fyrir tilstilli óbeinna skuld-bindinga eða á óbeinan hátt sem leiða engu að síður til sömu samkeppnishamlandi niðurstöðu. Birgjar sem óska þess að hafa áhrif á samkeppnishegðun dreifiaðila geta t.d. gripið til hótana eða þvingana, viðvarana eða refsinga. Þeir geta einnig tafið eða hætt afhendingu tímabundið eða hótáð að rifta samningum við dreifiaðila sem selja erlendum viðskiptamönnum eða virða ekki tiltekið verð. Gagnsætt samband milli samningsaðila myndi alla jafna draga úr hættu á að framleiðendur verði gerðir ábyrgir fyrir að beita slíkum óbeinum þrýstingi sem ætlað væri að leiða til niðurstöðu sem væri andstæð samkeppni. Ein leið til að ná fram auknu gagnsæi í viðskipta-samböndum milli aðila er að fara að starfsreglum. Í slíkum reglum getur m.a. verið kveðið á um uppsagnarfrest á samningum sem væri ákveðinn með tilliti til gildistíma samningsins, um bætur vegna útistandandi fjárfestinga umboðsmanns sem tengjast sambandinu sérstaklega ef kemur til tilefnislausrar riftingar fyrir lok gildistíma, svo og um gerðardóm sem aðra aðferð við að leysa ágreining. Ef birgir fellir síkar starfsreglur inn í samninga sína við dreifiaðila og viðgerðarmenn, gerir þær öllum aðgengilegar og fer að ákvæðum þeirra, verður litið á það sem mikilvægan þátt við mat á háttsemi birgisins í einstökum málum.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 102, 23.4.2010, bls. 1, felld inn í 2. lið XIV. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun nr. 77/2010 (Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 35, og EES-viðbætur nr. 49, 16.9.2010, bls. 34).

⁽⁵⁾ [biður birtingar]

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 203, 1.8.2002, bls. 30.

⁽⁷⁾ Smásöludreifiaðilar eru að jafnaði kallaðir „söluaðilar“ í atvinnugreininni.

⁽⁸⁾ Frá því að samkeppnisreglur EES voru endurnýjaðar bera aðilar að samningum fyrst og fremst ábyrgð á slíkri greiningu. Eftirlitsstofnun EFTA getur hins vegar, að eigin frumkvæði eða að fenginni kvörtun, kannað hvort samningar samrýmist ákvæðum 53. gr.

2. Uppbygging leiðbeinandi reglnanna

- 8) Leiðbeinandi reglur þessar eru byggðar upp sem hér segir:
- Gildissvið hópundanþágu varðandi vélknúin ökutæki og tengsl við almenna lóðréttu hópundanþágu (II. hluti)
 - Beiting viðbótarákvæða í hópundanþágu varðandi vélknúin ökutæki (III. hluti)
 - Mat á sértækum takmörkunum: eitt vörumerki og sérvalin dreifing (IV. hluti)

II. GILDISSVIÐ HÓPUNDANÞÁGU VARÐANDI VÉLKNÚIN ÖKUTÆKI OG TENGLS VIÐ ALMENNA LÓÐRÉTTA HÓPUNDANÞÁGU

- 9) Hópundanþága varðandi vélknúin ökutæki tekur, eins og segir í 4. gr. hennar, til lóðréttra samninga sem tengjast kaupum, sölu eða endursölu varahluta í vélknúin ökutæki og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu við vélknúin ökutæki.
- 10) Samkvæmt ákvæðum 2. gr. hópundanþágu varðandi vélknúin ökutæki gilda viðeigandi ákvæði í gerðinni sem áður var vísað til í lið 4b í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 1400/2002) áfram til 31. maí 2013 að því leyti sem þau tengjast lóðréttrum samningum vegna kaupa, sölu eða endursölu á nýjum vélknúnum ökutækjum. Samkvæmt ákvæðum 3. gr. hópundanþágu varðandi vélknúin ökutæki tekur almenn lóðrétt hópundanþága til lóðréttra samninga vegna kaupa, sölu og endursölu nýrra vélknúinna ökutækja frá 1. júní 2013 ⁽⁹⁾.
- 11) Greinarmunur sá sem í nýja reglurammanum er gerður á mörkuðum fyrir sölu á nýjum vélknúnum ökutækjum og eftirmörkuðum fyrir vélknúin ökutæki endurspeglar þann mun sem er á samkeppnisskilyrðum á þeim mörkuðum.
- 12) Á grundvelli ítarlegrar markaðsgreiningar í matsskýrslu um framkvæmd gerðarinnar sem áður var getið í lið 4b í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1400/2002) frá 28. maí 2008 ⁽¹⁰⁾ og í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um framtíðar- ramma samkeppnisréttar sem gildir um vélknúin ökutæki frá 22. júlí 2009 ⁽¹¹⁾, virðist ekki sem neinir verulegir annmarkar á samkeppni aðgreini dreifingu nýrra vélknúinna ökutækja frá öðrum atvinnugreinum og sem gætu orðið til þess að nauðsynlegt væri að beita frábrugðnum reglum og strangari en þeim sem er að finna í hinni almennu lóðréttu hópundanþágu. Ef reglu um 30% markaðshlutdeild að hámarki er fylgt ⁽¹²⁾, ef engin undanþága vegna tiltekinna lóðréttra takmarkana er veitt og ef beitt er skilyrðum sem kveðið er á um í hinni almennu lóðréttu hópundanþágu, mun það af þeim sökum tryggja að jafnaði að lóðréttir samningar um dreifingu á nýjum vélknúnum ökutækjum fullnægi skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 53. gr., án þess að gera þurfi viðbótarkröfur sem séu umfram þær sem gildi um aðrar atvinnugreinar.
- 13) Til þess að gefa öllum rekstraraðilum tíma til að laga sig að almenna kerfinu, einkum með hliðsjón af fjárfestingum sem ráðist hefur verið í til langs tíma og tengjast viðskiptasambandi sérstaklega, er fresturinn til að beita gerðinni sem áður var getið í lið 4b í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 1400/2002) framlengdur um þrjú ár til 31. maí 2013 að því er varðar þær kröfur sem tengjast sérstaklega lóðréttrum samningum um kaup, sölu eða endursölu á nýjum vélknúnum ökutækjum. Frá 1. júní 2010 til 31. maí 2013 gilda þau ákvæði gerðarinnar, sem áður var getið í lið 4b í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 1400/2002) og tengjast bæði samningum um dreifingu nýrra vélknúinna ökutækja og samningum um kaup, sölu og endursölu varahluta í vélknúin ökutæki og/eða viðgerðar- og viðhaldsþjónustu, aðeins um

⁽⁹⁾ Þótt gerðin sem áður var getið í lið 4b í XIV. viðauka við EES-samninginn sé fallin úr gildi (reglugerð (EB) nr. 1400/2002) og nýr lagarammi, sem er útskýrður í þessum leiðbeinandi reglum, kominn í hennar stað, þýðir það ekki að segja verði upp gildandi samningum. Sjá t.d. mál C-125/05 *Vulcan Silkeborg A/S gegn Skandinavisk Motor Co. A/S* [2006] ECR I-7637.

⁽¹⁰⁾ SEC(2008) 1946.

⁽¹¹⁾ COM(2009) 388.

⁽¹²⁾ Samkvæmt 7. gr. almennrar lóðréttrar hópundanþágu byggir útreikningur á þessu markaðshlutdeildarhámarki að jafnaði á gögnum um markaðsvirði seldrar vöru eða, ef slík gögn eru ekki tiltæk, á öðrum áreiðanlegum markaðsupplýsingum, m.a. magni seldrar vöru. Í þessu tilliti tekur Eftirlitsstofnun EFTA mið af því að markaðshlutdeild í tengslum við dreifingu nýrra vélknúinna ökutækja er nú reiknuð á vegum atvinnugreinarinnar á grundvelli fjölda vélknúinna ökutækja sem birgir selur á viðkomandi markaði, þ.m.t. öll vélknúin ökutæki sem kaupandi telur að geti komið hver í annarra stað vegna einkenna vörunnar, verðs og fyrirhugaðrar notkunar.

hið fyrrnefnda. Á þessu tímabili verða leiðbeinandi reglur þessar ekki notaðar til að túlka ákvæði fyrrnefndrar gerðar sem um getur í lið 4b í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 1400/2002). Þess í stað skal vísa í bækling með útskýringum á þeirri reglugerð⁽¹³⁾.

- 14) Að því er varðar lóðrétt samninga um skilyrði fyrir því að aðilar geti keypt, selt eða endurselt varahluti í vélknúin ökutæki og/eða veitt viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir vélknúin ökutæki, gildir hópundanþága varðandi vélknúin ökutæki frá 1. júní 2010. Það þýðir að ef þessir samningar eigi að njóta undanþágu skv. 4. gr. hópundanþágu varðandi vélknúin ökutæki verða þeir ekki aðeins að fullnægja skilyrðum um undanþágu samkvæmt almennri lóðréttri hópundanþágu, heldur mega þeir ekki hafa að geyma alvarlegar samkeppnishömlur, sem að jafnaði eru kallaðar harkalegar hömlur og eru taldar upp í 5. gr. hópundanþágu varðandi vélknúin ökutæki.
- 15) Þar eð markaðir fyrir viðgerðar- og viðhaldsþjónustu og fyrir dreifingu varahluta tengjast að jafnaði tilteknu vörumerki, er samkeppni á þessum mörkuðum, eðli málsins samkvæmt, ekki jafn hörð og á markaði fyrir sölu á nýjum vélknúnum ökutækjum. Á sama tíma og vélknúin ökutæki eru áreiðanlegri en áður og lengri tími líður á milli viðhaldseftirlits, þökk sé tækniframförum, hefur þessi þróun ekki haldist í hendur við hækkandi verð á einstökum viðgerðar- og viðhaldsþáttum. Á varahlutamarkaði eiga varahlutir með vörumerki framleiðanda vélknúna ökutækisins í samkeppni við varahluti frá birgjum upprunalegs búnaðar og öðrum. Þetta viðheldur verðþrýstingi á þeim mörkuðum sem svo aftur viðheldur þrýstingi á verð á mörkuðum fyrir viðgerðir og viðhald þar eð varahlutaverð er stór hluti kostnaðar við algengar viðgerðir. Að auki er kostnaður vegna viðgerða og viðhalds mjög stór hluti heildarútgjalda neytenda vegna vélknúinna ökutækja þegar á heildina er litið en þau eru aftur umtalsverður hluti meðalfjárútláta neytenda.
- 16) Til þess að almenn lóðrétt hópundanþága geti tekið á tilteknum samkeppnismálum sem koma upp á eftirmarkaði fyrir vélknúin ökutæki er bætt við hana þremur harkalegum hömlum til viðbótar úr hópundanþágu varðandi vélknúin ökutæki, sem gilda um samninga vegna viðgerða og viðhalds vélknúinna ökutækja og vegna sölu varahluta. Frekari leiðsögn um þessar viðbótar harkalegu hömlur er að finna í III. hluta þessara leiðbeinandi reglna.

III. BEITING VIÐBÓTARÁKVÆÐA Í HÓPUNDANÞÁGU VARÐANDI VÉLKNÚIN ÖKUTÆKI

- 17) Samningar sem fela í sér harkalegar hömlur njóta ekki ávinnings af hópundanþágunni. Þessar hömlur eru taldar upp í 4. gr. almennrar lóðréttrar hópundanþágu og 5. gr. hópundanþágu varðandi vélknúin ökutæki. Ef einhverjar slíkar hömlur er að finna í samningi er litið svo á að samningurinn falli undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. Það leiðir einnig til þess að litið verði á að samningurinn fullnægi varla skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 53. gr. en af þeirri ástæðu gildir hópundanþágan ekki. Þetta er þó hrekjanleg forsenda sem gerir fyrirtækjum kleift að grípa til varna í einstöku tilviki á grundvelli skilvirkni skv. 3. mgr. 53. gr.
- 18) Eitt markmiðið Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar stefnu í samkeppnismálum fyrir vélknúin ökutæki er að standa vörð um aðgang varahlutaframleiðenda að eftirmarkaði fyrir vélknúin ökutæki og tryggja þar með að varahlutir af ólíkum vörumerkjum verði áfram aðgengilegir bæði sjálfstæðum og viðurkenndum viðgerðaraðilum, svo og varahlutaheildsölum. Neytendur njóta umtalsverðs ávinnings ef varahlutir eru fáanlegir, einkum þar sem oft er mikill verðmunur á varahlutum sem bifreiðaframleiðandi selur eða endurselur og öðrum varahlutum. Valkostir við varahluti sem bera vörumerki framleiðanda vélknúna ökutækisins eru m.a. upprunalegir varahlutir sem framleiðandi upprunalegs búnaðar framleiðir og dreifir en aðrir varahlutir sem eru jafnir að gæðum og upprunalegu ihlutirnir koma frá framleiðendum varahluta af „samsvarandi gæðum“.
- 19) „Upprunalegir varahlutir eða búnaður“ þýðir varahlutir eða búnaður sem er framleiddur samkvæmt forskriftum og framleiðslustöðlum frá framleiðanda vélknúna ökutækisins að því er varðar framleiðslu á varahlutum eða búnaði fyrir samsetningu vélknúna ökutækisins sem um ræðir. Þetta tekur til varahluta eða búnaðar sem er framleiddur á sömu framleiðslulínu og fyrrgreindir

⁽¹³⁾ Bæklingur með útskýringum á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1400/2002 frá 31. júlí 2002 – *Distribution and Servicing of Motor Vehicles in the European Union*.

varahlutir og búnaður. Gengið er út frá því sem vísu, nema annað verði leitt í ljós, að varahlutir séu upprunalegir varahlutir ef varahlutaframleiðandinn vottar að varahlutirnir séu af sömu gæðum og íhlutir sem eru notaðir við samsetningu viðkomandi vélknúins ökutækis og hafi verið framleiddir samkvæmt forskriftum og framleiðslustöðlum vélknúna ökutækisins (sjá 26. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ⁽¹⁴⁾).

- 20) Til þess að varahlutir teljist vera af „samsvarandi gæðum“ verða gæði þeirra að vera nægilega mikil til að notkun þeirra skaði ekki orðspor viðkomandi viðurkennds nets. Framleiðanda vélknúna ökutækisins er heimilt, eins og við allar aðrar forsendur fyrir vali, að færa sönnur á að tiltekinn varahlutur fullnægi ekki þessu skilyrði.
- 21) Í stafl. e) í 4. gr. almennrar lóðréttrar hópundanþágu er því lýst sem harkalegum hömlum ef, í samningi milli seljanda íhluta og kaupanda sem notar þessa íhluti, er komið í veg fyrir eða takmarkað að seljandi geti selt íhluti sína endanlegum notendum, sjálfstæðum viðgerðaraðilum eða öðrum þjónustuveitendum sem kaupandi hefur ekki falið að gera við vörur sínar eða sinna viðhaldi þeirra. Í stafl. a), b) og c) í 5. gr. hópundanþágu varðandi vélknúin ökutæki er mælt fyrir um þrjár harkalegar hömlur til viðbótar sem tengjast samningum um sölu á varahlutum.
- 22) Stafl. a) í 5. gr. hópundanþágu varðandi vélknúin ökutæki varðar takmörkun á sölu þátttakanda í sérvöldu dreifikerfi á varahlutum í vélknúin ökutæki til sjálfstæðra viðgerðaraðila. Þetta ákvæði skiptir einkum máli fyrir tiltekinn flokk varahluta, sem stundum er vísað til sem eigin varahlutir, sem aðeins er unnt að fá frá framleiðanda vélknúna ökutækisins eða aðilum í viðurkenndu neti hans. Ef seljandi og dreifiaðili sammælast um að ekki megi afhenda sjálfstæðum viðgerðaraðilum slíka varahluti myndi samningur þessi líklega útiloka slíka viðgerðaraðila frá markaði fyrir viðgerðar- og viðhaldsþjónustu og fara í bága við ákvæði 53. gr.
- 23) Stafl. b) í 5. gr. hópundanþágu varðandi vélknúin ökutæki varðar allar beinar eða óbeinar hömlur sem seljandi varahluta, verkfæra til viðgerða eða greiningarbúnaðar eða annars búnaðar og framleiðandi vélknúinna ökutækja koma sér saman um og takmarka getu seljanda til að selja þessar vörur til viðurkenndra og/eða sjálfstæðra dreifiaðila og viðgerðaraðila. Svokallaðir „verkfærasamningar“ milli seljenda íhluta og framleiðenda vélknúinna ökutækja eru dæmi um hugsanlegar, óbeinar hömlur af þessari gerð. Í þessu tilliti vísast til tilkynningar Eftirlitsstofnunar EFTA varðandi mat hennar á tilteknum undirverktakasamningnum í tengslum við ákvæði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins ⁽¹⁵⁾. Alla jafna gilda ákvæði 1. mgr. 53. gr. ekki um fyrirkomulag þar sem framleiðandi vélknúinna ökutækja lætur framleiðanda íhluta í té verkfæri sem er nauðsynlegt við framleiðslu tiltekinna íhluta, tekur þátt í kostnaði við vörupróun eða leggur til nauðsynleg ⁽¹⁶⁾ hugverkaréttindi, eða verkunnáttu, og leyfir ekki að þetta framlag sé notað við framleiðslu á varahlutum sem selja á beint á eftirmarkaði. Ef framleiðandi vélknúinna ökutækja skyldar hins vegar seljanda íhluta til að yfirfæra eignarhald á slíku verkfæri, hugverkaréttindum eða verkunnáttu, stendur aðeins straum af óverulegum hluta kostnaðar við vörupróun eða leggur ekki til nein nauðsynleg verkfæri, hugverkaréttindi eða þekkingu, verður ekki litið svo á að samningurinn sem hér um ræðir sé raunverulegur undirverktakasamningur. Þess vegna getur hann fallið undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. og sætt athugun samkvæmt ákvæðum hópundanþága.
- 24) Stafl. c) í 5. gr. hópundanþágu varðandi vélknúin ökutæki varðar hömlu sem framleiðandi vélknúinna ökutækja, sem notar íhluti fyrir upphaflega samsetningu vélknúinna ökutækja, og seljandi slíkra íhluta hafa komið sér saman um og takmarkar getu seljandans í raun til að setja vörumerki sitt og einkennismerki á greinilegan hátt á íhluti sem eru afhentir, eða á varahluti. Til þess að auka val neytenda ættu viðgerðaraðilar og neytendur að geta séð hvaða varahlutir frá öðrum seljendum passa í tiltekið vélknúin ökutæki, aðrir en þeir sem eru merktir tegund framleiðanda bifreiðarinnar. Ef vörumerki eða einkennismerki eru sett á íhlutina er auðveldara að átta

⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1. [hefur ekki enn verið felld inn í EES-samninginn]

⁽¹⁵⁾ Stjtið. EB L 153, 18.6.1994, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 15, 18.6.1994, bls. 29.

⁽¹⁶⁾ Ef framleiðandi vélknúinna ökutækja lætur birgi íhluta í té verkfæri, hugverkaréttindi og/eða verkunnáttu, fellur fyrirkomulag þetta ekki undir undirverktakatilkynninguna ef birgirinn hefur þegar aðgang að verkfærinu, hugverkaréttindunum eða verkunnáttunni, eða gæti við eðlileg skilyrði aflað þeirra, þar eð ekki væri nauðsynlegt að leggja þetta til við þessar aðstæður.

sig á hvaða varahluti sem passa unnt er að fá frá birgja upprunalegs búnaðar. Ef framleiðendur vélknúinna ökutækja heimila það ekki geta þeir hindrað markaðsfærslu hluta frá birgjum upprunalegs búnaðar og þannig takmarkað val neytenda þannig að fari í bága við ákvæði 53. gr.

IV. MAT Á SÉRTÆKUM TAKMÖRKUNUM

- 25) Aðilar að lóðréttum samningum innan ökutækjaiðnaðarins ættu að nota þessar leiðbeinandi reglur sem viðbót við almennar lóðréttar leiðbeinandi reglur og hafa hliðsjón af þeim til þess að meta hvort sértækar takmarkanir samrýmist 53. gr. Í þessum hluta er veitt sértæk leiðsögn um eitt vörumerki og sérvalda dreifingu, en þessi svið kunna sérstaklega að skipta máli við mat á flokki samninga sem um getur í II. hluta þessara leiðbeinandi reglna.

1. Kvaðir um eitt vörumerki

i. Mat á kvöðum um eitt vörumerki í tengslum við hópundanþágu

- 26) Samkvæmt ákvæðum 3. gr. hópundanþágu varðandi vélknúin ökutæki, með hliðsjón af stafl. a) í 1. mgr. 5. gr. almennrar lóðrétrar hópundanþágu, geta birgir og dreifiaðili vélknúinna ökutækja, sem hafa ekki meira en 30% hlut á viðkomandi markaði, komið sér saman um kvöð um eitt vörumerki sem skuldbindir dreifiaðilann til að kaupa vélknúin ökutæki aðeins frá birgjanum eða öðrum fyrirtækjum sem birgirinn tilgreinir, með því skilyrði að gildistími slíkra kvaða um að stunda ekki samkeppni sé til fimm ára eða skemur. Sömu meginreglur gilda um samninga milli birgja og viðkurkenndra viðgerðaraðila þeirra og/eða dreifiaðila varahluta. Ef framlengja á til lengri tíma en fimm ára þarf til að koma skýrt samþykki beggja aðila og engin hindrun ætti að standa í vegi fyrir því að dreifiaðili geti sagt upp skuldbindingu um að stunda ekki samkeppni við lok fimm ára tímabilsins. Hópundanþágur taka ekki til skuldbindinga um að stunda ekki samkeppni þegar gildistími þeirra er ótímabundinn eða er lengri en fimm ár, þótt hópundanþágur myndu í þeim tilvikum gilda áfram um annan hluta lóðréttar samningsins. Hið sama gildir um skuldbindingar um að stunda ekki samkeppni sem þegjandi samkomulag er um að unnt sé að endurnýja umfram fimm ára tímabil. Hindranir, hótanir um uppsögn eða ógnanir í þá veru að skilyrði um eitt vörumerki verði aftur lagt á áður en nægilegur tími hefur liðið til gera annaðhvort dreifiaðila eða nýjum birgja kleift að afskrifa sokknar fjárfestingar sínar myndu jafngilda þegjandi samkomulagi um endurnýjun á þeirri kvöð um eitt vörumerki sem um ræðir.
- 27) Samkvæmt ákvæðum stafl. c) í 1. mgr. 5. gr. almennrar lóðrétrar hópundanþágu heyrar allar beinar eða óbeinar skuldbindingar, sem leiða til þess að þátttakendur í sérvöldu dreifikerfi selja ekki vörumerki keppinauta, ekki undir undanþáguna. Sérstaklega skyldi huga að því hvernig kvöð um eitt vörumerki er beitt gagnvart dreifiaðilum með fleiri en eitt vörumerki til þess að tryggja að umræddar skuldbindingar séu ekki hluti af heildarstefnu sem ætlað er að útrýma samkeppni frá einum eða fleiri tilteknum birgjum, þá einkum frá nýliðum eða veikari keppinautum. Athugunarefni af þessu tagi getur einkum komið upp ef farið er yfir það hámark markaðshlutdeildar sem fram kemur í 34. lið þessara leiðbeinandi reglna og ef birgirinn sem beitir þess háttar takmörkun hefur þá stöðu á viðkomandi markaði sem gerir honum kleift að eiga umtalsverðan þátt í útilokunaráhrifunum⁽¹⁷⁾.
- 28) Skuldbindingar í lóðréttum samningum um að stunda ekki samkeppni teljast ekki harkalegar hömlur en engu að síður geta þær haft neikvæð áhrif og orðið til þess að samningar falli undir ákvæði 1. mgr. 53. gr., eftir því hvernig aðstæður eru á markaði⁽¹⁸⁾. Skaðleg áhrif af því tagi geta komið upp ef aðgangs- eða stækkunarhindranir, sem eru settar upp, útiloka birgja í samkeppni eða skaða neytendur sérstaklega með því að hækka verð eða takmarka vöruval, draga úr gæðum vörunnar eða minnka nýsköpun á sviði vöruframleiðslu.
- 29) Skuldbindingar um að stunda ekki samkeppni geta þó einnig haft jákvæð áhrif sem geta réttlætt beitingu 3. mgr. 53. gr. Þær geta einkum orðið að liði við að sigrast á vanda sem tengist

⁽¹⁷⁾ Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um minniháttar samninga sem hamlar samkeppni ekki verulega skv. 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins (*de minimis*), Stjtið. ESB C 67, 20.3.2003, bls. 20, og EES-viðbætur nr. 15, 20.3.2003, bls. 11.

⁽¹⁸⁾ Að því er varðar þá þætti sem taka verður tillit til við mat á skuldbindingum um að stunda ekki samkeppni skv. 1. mgr. 53. gr., sjá viðeigandi hluta almennra lóðréttar leiðbeinandi reglna, einkum málsgreinar 129 til 150.

„laumufarþegum“ þar sem einn birgir hagnast á fjárfestingum annars. Birgir getur t.d. fjárfest í sölustað dreifiaðila og með því laðað að viðskiptavini samkeppnisvörumerkis sem er einnig selt á sama stað. Hið sama gildir um aðrar tegundir fjárfestinga birgisins sem dreifiaðili kann að nota til að selja vélknúin ökutæki frá samkeppnisaðila, t.d. fjárfestingar í þjálfun.

- 30) Önnur jákvæð áhrif skuldbindinga um að stunda ekki samkeppni innan ökutækjaiðnaðarins tengjast bættri ímynd tegundarinnar og orðspori dreifikerfisins. Slíkar takmarkanir geta orðið að liði við að skapa og viðhalda ímynd tegundar með því að leggja á dreifiaðila kvaðir um samræmda ímynd og gæðastaðla og gera vörumerkið þar með eftirsóknarverðara í augum endanlegs kaupanda og auka sölu á því.
- 31) Í stafl. d) í 1. gr. almennrar lóðréttrar hópundanþágu er skuldbinding um að taka ekki þátt í samkeppni skilgreind svo:
- „a) sérhver bein eða óbein skuldbinding sem verður til þess að kaupandi framleiðir ekki, kaupir ekki, selur ekki eða endurselur ekki vörur eða þjónustu sem keppir við samningsvöru eða -þjónustu, eða
- b) sérhver bein eða óbein skuldbinding á hendur kaupanda um að kaupa af birgi, eða af öðru fyrirtæki sem birgir tilnefnir, meira en 80% af heildarinnkaupum sínum á samningsvörum eða -þjónustu eða hliðstæðum vörum og þjónustu á viðkomandi markaði.“
- 32) Birgir getur, auk beinna aðferða til að binda dreifiaðila við eigið/eigin vörumerki, gripið til óbeinna aðferða sem hafa sömu áhrif. Innan ökutækjaiðnaðarins geta slíkar óbeinar aðferðir falið í sér gæðastaðla sem er sérstaklega ætlað að letja dreifiaðila til að selja vörur af vörumerkjum sem eiga í samkeppni ⁽¹⁹⁾, kaupauka sem eru háðir því að dreifiaðili fallist á að selja eingöngu eitt vörumerki, markafslætti eða tiltekna aðrar kröfur, eins og kröfu um að setja á laggirnar sérstakan lögaðila fyrir vörumerki sem á í samkeppni eða skuldbindingu um að hafa viðbótar vörumerkið sem á í samkeppni til sýnis í sérstökum sýningarsal á stað þar sem ekki væri efnahagslega hagkvæmt að uppfylla slíka kröfu (t.d. á strjálbýlum svæðum).
- 33) Hópundanþágan sem kveðið er á um í almennri lóðréttri hópundanþágu tekur til allra tegunda beinna eða óbeinna skuldbindinga um að taka ekki þátt í samkeppni, að því tilskildu að markaðshlutdeild bæði birgja og dreifiaðila fari ekki yfir 30% og að gildistími skuldbindingar um að taka ekki þátt í samkeppni geta þó, jafnvel í tilvikum þar sem einstakir samningar fullnægja þessum skilyrðum, leitt til samkeppnishamlandi áhrifa sem jákvæð áhrif þeirra ná ekki að vega upp. Innan ökutækjaiðnaðarins gætu slík samkeppnishamlandi áhrif einkum komið til vegna uppsafnaðra áhrifa sem leiða til þess að vörumerki sem eiga í samkeppni verði útilokuð.
- 34) Að því er varðar dreifingu vélknúinna ökutækja á smásölustigi, er ólíklegt að útilokun af þessu tagi gerist á mörkuðum þar sem allir birgjar eru með minni markaðshlutdeild en 30% og þar sem heildarhlutfall sölu á vélknúnum ökutækjum, sem falla undir kvaðir um að selja eitt vörumerki á markaðnum sem um ræðir (það er að segja bundin heildarmarkaðshlutdeild) er undir 40% ⁽²⁰⁾. Við aðstæður þar sem einn birgir, sem er ekki með ráðandi stöðu, hefur meira en 30% hlutdeild á viðkomandi markaði en markaðshlutdeild allra annarra birgja er undir 30%, eru uppsöfnuð samkeppnishamlandi áhrif ólíkleg, svo fremi sem bundin heildarmarkaðshlutdeild sé ekki meiri en 30%.
- 35) Ef aðgangur að viðkomandi markaði fyrir ný vélknúin ökutæki er takmarkaður eða samkeppni á honum er merkjanlega skert vegna uppsafnaðra áhrifa samhliða neta svipaðra lóðréttra samninga sem innihalda kvaðir um eitt vörumerki, getur Eftirlitsstofnun EFTA, þar sem hún er til þess bær eftirlitsstofnun samkvæmt 56. gr. EES-samningsins, afturkallað ávinning af hópundanþágum samkvæmt 29. gr. II. kafla bókunar 4 við samning um eftirlitsstofnun og dómstól. Ákvörðun um afturköllun getur einkum verið beint til þeirra birgja sem eiga verulegan þátt í útilokunaráhrifum á viðkomandi markaði. Ef þau áhrif verða á landsmarkaði geta samkeppnisyfirkönd þess EFTA-rikis einnig afturkallað ávinning af hópundanþágum að því er varðar það yferráðasvæði.

⁽¹⁹⁾ Sjá málin *BMW*, IP/06/302 - 13.3.2006 og *Opel* 2006, IP/06/303 - 13.3.2006.

⁽²⁰⁾ Sjá 141. mgr. í almennum lóðréttum leiðbeinandi reglum.

- 36) Ef samhliða net samninga sem hafa að geyma svipaðar lóðréttar takmarkanir taka að auki til meira en 50% tiltekins markaðar, getur Eftirlitsstofnun EFTA lýst því yfir í tilmælum að hópundanþágan gildi ekki á viðkomandi markaði að því er varðar slíkar takmarkanir ⁽²¹⁾. Slík staða getur einkum komið upp ef uppsöfnuð áhrif af víðtækri notkun kvaða um eitt vörumerki skaða neytendur á þeim markaði.
- 37) Að því er varðar mat á lágmarkskaupkvöðum sem eru reiknaðar á grundvelli árlegrar heildarþarfar dreifiaðilans, kann að vera réttlætunlegt að afturkalla ávinning af hópundanþágunni ef fram koma uppsöfnuð samkeppnishamlandi áhrif, jafnvel þótt birgirinn setji lágmarkskaupkvaðir sem eru undir 80% hámarkinu í stafl d) í 1. gr. almennu lóðréttu hópundanþágunnar. Aðilar þurfa að huga að því hvort, í ljósi málsatvika, sú kvöð að dreifiaðilinn tryggi að ákveðinn hundradshluti af heildarkaupum hans sé af tegund birgisins komi í veg fyrir að dreifiaðilinn geti tekið eitt eða fleiri samkeppnismerki að auki. Í því samhengi jafngildir lágmarkskaupkvöð sem er lægri en 80% af árlegum heildarkaupum kvöð um að selja aðeins eitt vörumerki ef hún skyldar dreifiaðila, sem hefur áhuga á að taka upp nýtt vörumerki að eigin vali frá samkeppnisframleiðanda, til að kaupa svo mörg vélknúin ökutæki af tegundinni sem hann selur nú að fyrirtæki dreifiaðilans verður ekki efnahagslega sjálfbært ⁽²²⁾. Slík lágmarkskaupkvöð jafngildir einnig kvöð um að selja eitt vörumerki ef hún þvingar samkeppnisbirgi til að dreifa áformaðri heildarsölu á tilteknu yfirráðasvæði á nokkra dreifiaðila, sem leiðir til tvíverknaðar í fjárfestingum og brotkennt sölustarfs.
- ii. *Mat á kvöðum um eitt vörumerki sem falla utan gildissviðs hópundanþágunnar*
- 38) Þá geta aðilar verið hvattir til að meta hvort kvaðir um að selja eitt vörumerki samrýmist samkeppnisreglum, með hliðsjón af samningum sem njóta ekki hópundanþágu af því að markaðshlutdeild aðila er meiri en 30% eða gildistími samnings er lengri en fimm ár. Slíkir samningar verða því skoðaðir hver í sínu lagi til að fá úr því skorið hvort þeir falli undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. og ef svo er, hvort unnt sé að sýna fram á hagræði sem vegur upp öll hugsanleg samkeppnishamlandi áhrif. Ef svo er, kunna þeir að njóta ávinnings af undanþágunni sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 53. gr. Að því er varðar mat í einstöku máli gilda almennar meginreglur sem er að finna í þætti VI. 2.1 í almennum lóðréttum leiðbeinandi reglum.
- 39) Það eru einkum samningar milli framleiðanda vélknúinna ökutækja eða innflutningsaðila annars vegar og dreifiaðila varahluta og/eða viðurkenndra viðgerðaraðila hins vegar sem falla utan gildissviðs hópundanþágu þegar markaðshlutdeild aðila fer yfir 30% hámarkið, sem líklegt er í sambandi við flesta slíka samninga. Kvaðir um að selja eitt vörumerki, sem verða metnar í slíkum tilvikum, taka m.a. til allra tegunda hafta sem beint eða óbeint takmarka getu viðurkenndra dreifiaðila eða viðgerðaraðila til að afla upprunalegra varahluta eða sambærilegra að gæðum frá þriðja aðila. Hins vegar yrði ekki litið svo á að kvöð á hendur viðurkenndum viðgerðaraðila um að nota upprunalega varahluti frá framleiðanda vélknúinna ökutækja vegna viðgerða sem falla undir ábyrgð, ókeypis þjónustueftirlits og innköllunar vélknúinna ökutækja væri kvöð um að selja eitt vörumerki, heldur hlutlægt rökstudd krafa.
- 40) Einnig verður í einstökum tilvikum að meta kvaðir um að selja eitt vörumerki í samningum um dreifingu nýrra vélknúinna ökutækja ef gildistími þeirra er lengri en fimm ár og/eða ef markaðshlutdeild birgisins er meiri en 30%, en tilteknir birgjar í nokkrum EES-ríkjum kunna að vera í þeirri stöðu. Í slíkum tilvikum skulu aðilar ekki aðeins hafa hliðsjón af markaðshlutdeild birgja og kaupanda, heldur einnig af bundinni heildarmarkaðshlutdeild, með tilliti til þess hámarks sem kemur fram í 34. lið. Ef farið er yfir þetta hámark, verða einstök mál metin í samræmi við almennar meginreglur sem er að finna í þætti VI. 2.1 í almennum lóðréttum leiðbeinandi reglum.

⁽²¹⁾ Þetta leiðir af ákvæðum 6. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 4b í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 461/2010 frá 27. maí 2010), samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum.

⁽²²⁾ Ef söluaðili kaupir t.d. 100 bifreiðar af gerðinni A á ári til að anna eftirspurn og óskar eftir að kaupa 100 bifreiðar af gerð B, myndi 80% lágmarkskaupkvöð að því er varðar tegund A þýða að næsta ár yrði söluaðilinn að kaupa 160 bifreiðar af gerð A. Þar eð líklegt er að fjöldi nýrra aðila á markað sé tiltölulega stöðugur, yrði þetta til þess að söluaðilinn sæti uppi með fjölda óseldra bifreiða af gerð A. Hann þyrfti því að draga verulega úr kaupum sínum á tegund B til þess að komast hjá slíku. Eftir aðstæðum í hverju tilviki má líta á þessa háttsemi sem kvöð um að selja eitt vörumerki.

- 41) Utan gildissviðs hópundanþágunnar er í mati á lágmarkskaupkvöðum, sem reiknaðar eru á grundvelli árlegra heildarkrafna dreifiaðila, tekið tillit til allra viðkomandi málsatvika. Einkum mun krafa um lágmarkskaup sem eru minni en 80% af árlegum heildarkaupum jafngilda kvöð um að selja eitt vörumerki ef hún hefur þau áhrif að koma í veg fyrir að dreifiaðilar geti selt eitt eða fleiri samkeppnisvörumerki að auki.

2. Sérvalin dreifing

- 42) Sérvalin dreifing er nú helsta form dreifingar innan ökutækjaiðnaðarins. Hún er mjög almenn í dreifingu vélknúinna ökutækja, svo og í viðgerðum, viðhaldi og dreifingu varahluta.
- 43) Í hreinni, hæfismiðaðri sérvalinni dreifingu eru dreifiaðilar og viðgerðaraðilar eingöngu valdir á grundvelli hlutlægra viðmiða sem eðli vörunnar eða þjónustunnar gerir kröfu um, s.s. tæknilegar færni sölufólks, skipulags söluádstöðunnar, sölutækni og þeirrar gerðar þjónustu sem dreifiaðilinn mun veita ⁽²³⁾. Beiting slíkra viðmiða takmarkar ekki beint fjölda dreifiaðila eða viðgerðaraðila sem fá aðgang að neti birgisins. Hrein, hæfismiðuð sérvalin dreifing er alla jafna talin falla utan gildissviðs 1. mgr. 53. gr. þar sem samkeppnishamlandi áhrif eru ekki fyrir hendi, að því tilskildu að þremur skilyrðum sé fullnægt. Í fyrsta lagi verður eðli viðkomandi vöru að kalla á sérvalda dreifingu, í þeirri merkingu að slíkt kerfi verður að vera lögmæt krafa, að teknu tilliti til eðlis vörunnar sem um ræðir, til að unnt sé að varðveita gæði hennar og tryggja rétta notkun hennar. Í öðru lagi verður að velja dreifiaðila og viðgerðaraðila á grundvelli hlutlægra viðmiða sem eru hæfismiðuð í eðli sínu og eru lögð á sama hátt fyrir alla hugsanlega endursöluaðila og er ekki beitt til að mismuna aðilum. Í þriðja lagi mega viðmiðin sem mælt er fyrir um ekki ganga lengra en nauðsynlegt er.
- 44) Hæfismiðuð sérvalin dreifing felur eingöngu í sér val á dreifiaðilum og viðgerðaraðilum á grundvelli hlutlægra viðmiða sem eðli vörunnar eða þjónustunnar kallar á, en með magnbundnu vali bætast við frekari valviðmið sem takmarka á beinni hátt hugsanlegan fjölda dreifiaðila eða viðgerðarverkstæða, annaðhvort með því að ákveða beint fjölda þeirra eða t.d. með því að gera kröfu um lágmarkssölu. Net sem byggja á magnbundnum viðmiðum eru almennt talin meira hamlandi en þau sem byggjast aðeins á hæfisbundnu vali og því eru meiri líkur á að þau falli undir ákvæði 1. mgr. 53. gr.
- 45) Ef samningar um sérvalda dreifingu falla undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. verða aðilar að meta hvort samningar þeirra geti notið ávinnings af hópundanþágu, eða hver í sínu lagi, af undanþágu á grundvelli 3. mgr. 53. gr.

i. Mat á sérvalinni dreifingu samkvæmt hópundanþágu

- 46) Hópundanþága undanskilur samninga um sérvalda dreifingu, burtséð frá því hvort stuðst er við magnbundin valviðmið eða hrein hæfisbundin viðmið, svo fremi sem markaðshlutdeild aðila fari ekki yfir 30%. Undanþágan er þó háð því að samningarnir hafi ekki að geyma neinar þær harkalegu hömlur sem er að finna í 4. gr. almennrar lóðréttrar hópundanþágu og í 5. gr. hópundanþágu varðandi vélknúin ökutæki, né neinar þeirra útilokuðu takmarkana sem lýst er í 5. gr. almennrar lóðréttrar hópundanþágu.
- 47) Þrjár harkalegu hamlanna í almennu lóðréttu hópundanþágunni tengjast sérvalinni dreifingu sérstaklega. Í stafl. b) í 4. gr. er lýst sem harkalegum þeim hömlum sem takmarka það svæði, eða þá viðskiptavinum, sem kaupandi, sem er aðili að samningnum, getur selt þær vörur og þjónustu sem samningurinn tekur til, að undanskildum hömlum á sölu aðila að sérvöldu dreifikerfi til dreifiaðila sem eru ekki viðurkenndir á mörkuðum þar sem slíkt kerfi er starfrækt. Í stafl. c) í 4. gr. er þeim samningum lýst sem harkalegum sem setja hömlur á virka eða óvirka sölu aðila að sérvöldu

⁽²³⁾ Hafa ber þó í huga, í samræmi við viðtekna dómafrákvæmd dómstóla Evrópusambandsins, að hreint hæfismiðuð sérvalið dreifikerfi getur engu að síður hamlað samkeppni þar sem tilvist tiltekins fjölda slíkra kerfa veitir ekkert svigrúm fyrir annars konar dreifingu sem byggir á öðruvísi samkeppni. Þessi staða mun alla jafna ekki koma upp á mörkuðum fyrir sölu nýrra vélknúinna ökutækja þar sem kaupleigusamningar og annað sambærilegt fyrirkomulag er raunhæfur valkostur við bein kaup á vélknúna ökutæki, né á mörkuðum fyrir viðgerðir og viðhald, svo fremi sem sjálfstæðir viðgerðaraðilar gefi neytendum kost á annari leið til að halda vélknúnum ökutækjum sínum við. Sjá til dæmis mál T-88/92 *Groupement d'achat Édouard Leclerc gegn framkvæmdastjórn* [1996] ECR II-1961.

dreifikerfi í smásölu til notenda, með fyrirvara um möguleikann á að banna aðila að kerfinu að stunda rekstur á starfsstöð sem hefur ekki verið viðurkennd, en stafl. d) í 4. gr. tengist hömlum á innbyrðis viðskipti milli dreifiaðila innan sérvalins dreifikerfis, m.a. dreifiaðila sem stunda rekstur á mismunandi stigum viðskipta. Þessar þrjár harkalegu hömlur hafa sérstaka þýðingu fyrir dreifingu vélknúinna ökutækja.

- 48) Innri markaðurinn hefur gert neytendum kleift að kaupa vélknúin ökutæki í öðrum EES-ríkjum og nýta sér verðmismuninn og Eftirlitsstofnun EFTA lítur á verndun samhliða viðskipta sem mikilvægt samkeppnismarkmið. Möguleikar neytanda til að kaupa vörur í öðrum EES-ríkjum eru einkum mikilvægir þegar vélknúin ökutæki eru annars vegar vegna mikils verðmætis þeirra og beins ávinnings í formi lægra verðs til neytenda sem kaupa vélknúin ökutæki annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Eftirlitsstofnun EFTA er því umhugað um að dreifingarsamningar takmarki ekki samhliða viðskipti þar eð ekki er unnt að gera ráð fyrir því að slíkt fullnægi skilrýðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 53. gr. ⁽²⁴⁾.
- 49) Framkvæmdastjórnin hefur höfðað mál gegn nokkrum framleiðendum vélknúinna ökutækja fyrir að hindra þannig viðskipti og dómstólar Evrópubandalaganna hafa að miklu leyti staðfest ákvarðanir hennar ⁽²⁵⁾. Reynslan sýnir að hömlur á samhliða viðskiptum geti tekið á sig ýmsar myndir. Birgir getur t.d. beitt dreifiaðila þrýstingi, hótad þeim að rifta samningum, látið hjá líða að greiða ágóðahlutdeild, neitað að virða ábyrgðir á vélknúnum ökutækjum sem neytandi flytur inn eða í innbyrðis viðskiptum dreifiaðila sem hafa staðfestu í mismunandi EES-ríkjum, eða gert dreifiaðila að bíða umtalsvert lengur eftir afhendingu sams konar vélknúins ökutækis þegar umræddur neytandi hefur fasta búsetu í öðru EES-ríki.
- 50) Eitt dæmi um óbeinar hömlur á samhliða viðskiptum birtist í því að dreifiaðili geti ekki fengið ný vélknúin ökutæki með viðeigandi forskriftum til að unnt sé að selja þau milli landa. Við þær sérstöku aðstæður getur ávinningurinn af hópundanþágunni oltið á því hvort birgir afhendir dreifiaðilum sínum vélknúin ökutæki með sams konar forskriftum og ökutæki sem eru seld í öðrum EES-ríkjum til viðskiptavina frá þeim löndum (svokallað „aðgengisákvæði“) ⁽²⁶⁾.
- 51) Að því er varðar beitingu hópundanþága og einkum að því er varðar beitingu stafl. c) í 4. gr. almennrar lóðréttrar hópundanþágu, innifelur hugtakið „endanlegir notendur“ kaupleigufyrirtæki. Það þýðir sérstaklega að ekki má koma í veg fyrir að dreifiaðilar í sérvöldu dreifikerfi selji ný vélknúin ökutæki til kaupleigufyrirtækja að eigin vali. Birgir sem notar sérvalda dreifingu getur þó komið í veg fyrir að dreifiaðilar hans selji kaupleigufyrirtækjum ný vélknúin ökutæki þegar fyrir hendi er sannprófanleg hættu á að þessi fyrirtæki muni endurselja þau á meðan þau eru enn ný. Birgir getur því krafist þess að umboðsaðili kanni almenn kaupleiguskiilyrði, áður en hann selur tilteknu fyrirtæki, til að ganga úr skugga um að umrætt fyrirtæki sé í raun kaupleigufyrirtæki en ekki endursali sem hefur ekki hlotið viðurkenningu. Hins vegar getur skylda umboðsaðila til að afhenda birgi sínum afrit af öllum kaupleigusamningum áður en umboðsmaðurinn selur kaupleigufyrirtæki vélknúin ökutæki jafngilt óbeinum hömlum á sölu.
- 52) Hugtakið „endanlegir notendur“ nær einnig yfir neytendur sem kaupa af millilið. Milliliður er einstaklingur eða fyrirtæki sem kaupir nýtt vélknúin ökutæki fyrir hönd nafngreinds neytanda án þess að vera aðili að dreifikerfi. Þessir rekstraraðilar gegna mikilvægu hlutverki innan ökutækja-iðnaðarins, einkum með því að greiða fyrir kaupum neytenda á vélknúnum ökutækjum í öðrum EES-ríkjum. Það ætti að vera regla að staðfesta stöðu milliliðs með gildu umboði, m.a. nafni og heimilisfangi neytandans, og þess skyldi aflað áður en viðskiptin fara fram. Notkun Internetsins til að laða að viðskiptavinum í tengslum við tiltekin vélknúin ökutæki og til að safna rafrænum umboðum frá þeim hefur ekki áhrif á stöðu milliliðs. Aðgreina ber milliliði frá sjálfstæðum endursöluaðilum sem kaupa vélknúin ökutæki til endursölu og starfa ekki fyrir hönd nafngreindra neytenda. Við beitingu hópundanþága teljast sjálfstæðir endursöluaðilar ekki vera endanlegir notendur.

⁽²⁴⁾ Dómstólar Evrópubandalaganna hafa staðfest að hömlur á viðskiptum yfir landamæri skaði neytendur, sbr. mál C-551/03 P, *General Motors*, [2006] ECR I-3173, 67. og 68. mgr.; mál C-338/00 P, *Volkswagen/framkvæmdastjórn*, [2003] ECR I-9189, 44. og 49. mgr., og mál T-450/05, *Peugeot/framkvæmdastjórn*, [2009] ECR II-2533, 46.–49. mgr.

⁽²⁵⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/273/EB frá 28. janúar 1998 í máli IV/35.733 — *VW*, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/146/EB frá 20. September 2000 í máli COMP/36.653 - *Opel* Stjtið. EB L 59, 28.2.2001, bls. 1, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/758/EB frá 10. október 2001 í máli COMP/36.264 - *Mercedes-Benz* Stjtið. EB L 257, 25.9.2002, bls. 1, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/431/EB frá 5. október 2005 í málum F-2/36.623/36.820/37.275 — *SEP et autres / Peugeot SA*.

⁽²⁶⁾ Sameinuð mál 25 og 26/84 Ford – *Werke AG and Ford of Europe Inc. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1985] ECR 2725.

- ii. *Mat á sérvalinni dreifingu utan gildissviðs hópundanþága*
- 53) Eins og fram kemur í 175. lið almennra lóðréttra leiðbeinandi reglna getur sérvalin dreifing haft samkeppnishamlandi áhrif, s.s. minni samkeppni innan vörumerkis og, sérstaklega þegar um uppsöfnuð áhrif er að ræða, útilokun tiltekinna gerða dreifiaðila og auðveldara samráð milli birgja eða kaupenda.
- 54) Til þess að unnt sé að meta hugsanleg samkeppnishamlandi áhrif sérvalinnar dreifingar skv. 1. mgr. 53. gr., verður að gera greinarmun á hreinni, hæfismiðaðri sérvalinni dreifingu og magnbundinni sérvalinni dreifingu. Eins og bent er á 43. lið, fellur hæfismiðuð sérvalin dreifing að jafnaði ekki undir ákvæði 1. mgr. 53. gr.
- 55) Þótt net samninga njóti ekki góðs af hópundanþágu vegna þess að markaðshlutdeild eins eða fleiri aðila er yfir 30% hámarkinu fyrir undanþágu, merkir það ekki að slíkir samningar séu ólöglegir. Aðilar að slíkum samningum þurfa þess í stað að greina þá hvern í sínu lagi til að kanna hvort þeir falli undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. og, ef sú er raunin, hvort þeir geti eigi að síðir notið góðs af undanþágunni í 3. mgr. 53. gr.
- 56) Að því er varðar séreinkenni dreifingar nýrra vélknúinna ökutækja, mun magnbundin sérvalin dreifing að jafnaði fullnægja skilyrðum þeim sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 53. gr., ef markaðshlutdeild aðila fer ekki yfir 40%. Aðilar að slíkum samningum skulu þó hafa í huga að sérstakar valreglur gætu haft áhrif á það hvort samningar þeirra fullnægi skilyrðum þeim sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 53. gr. Þótt notkun ákvæða um staðsetningu í samningum um sérvalda dreifingu á nýjum vélknúnum ökutækjum, það er að segja samningum sem fela í sér bann við því að þáttakandi í sérvöldu dreifikerfi stundi rekstur á stað sem hefur ekki verið viðurkenndur, hafi alla jafna í för með sér ávinning í formi skilvirkara vörustjórnunarferlis og fyrirsjáanlegs umfang nets, getur þó farið svo að óhagræði vegi þyngra en ávinningurinn ef markaðshlutdeild birgisins er mjög há, og í slíkum tilvikum er hugsanlegt að þannig ákvæði gætu ekki notið góðs af undanþágunni í 3. mgr. 53. gr.
- 57) Við mat á sérvalinni dreifingu í einstökum málum vakna einnig tilteknar spurningar. Að svo miklu leyti sem fyrir hendi er markaður ⁽²⁷⁾ fyrir viðgerðar- og viðhaldsþjónustu sem er aðskilin þjónusta við sölu nýrra vélknúinna ökutækja, er lítið svo á að það tengist tilteknu vörumerki. Helsta uppspretta samkeppni á þeim markaði er samkeppnishegðun milli sjálfstæðra viðgerðaraðila og viðurkenndra viðgerðaraðila umrædds vörumerkis.
- 58) Sjálfstæðir viðgerðaraðilar veita einkum nauðsynlegt samkeppnisaðhald þar eð rekstrarlíkön þeirra og tengdur rekstrarkostnaður er frábrugðinn því sem er í viðurkenndum netum. Sjálfstæðir viðgerðaraðilar, ólíkt viðurkenndum viðgerðaraðilum, sem að miklu leyti nota varahluti merкта bifreiðaframleiðandanum, nota í meira mæli önnur vörumerki og gera þar með eigendum vélknúinna ökutækja kleift að velja milli varahluta sem eiga í samkeppni. Þar eð flestar viðgerðir á nýjum vélknúnum ökutækjum fara fram á viðurkenndum verkstæðum, er að auki mikilvægt að samkeppni milli viðurkenndra viðgerðaraðila sé virk, sem aðeins getur orðið að veruleika ef nýir aðilar fá aðgang að netunum.
- 59) Nýr lagarammi auðveldar Eftirlitsstofnun EFTA og landsbundnum samkeppnisyrfrvöldum að vernda samkeppni milli sjálfstæðra verkstæða og viðurkenndra viðgerðaraðila, svo og á milli aðila að hverju neti viðurkenndra viðgerðaraðila. Samkeppnisyrfrvöld fá einkum meira svigrúm til aðgerða ef hámark markaðshlutdeildar hæfismiðaðrar sérvalinnar dreifingar er lækkað úr 100% í 30%.

⁽²⁷⁾ Í sumum tilvikum má skilgreina kerfismarkað þar sem saman eru vélknúin ökutæki og varahlutir með tilliti m.a. til líftíma vélknúna ökutækisins og venja og kauphegðunar notenda. Sjá tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður að því er varðar samkeppnislög á Evrópska efnahagssvæðinu, Stjtið. EB L 200, 16.7.1998, bls. 46, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 28, 16.7.1998, bls. 3, 56. mgr. Einn mikilvægur þáttur er sá hvort verulegur hluti kaupenda taki tillit til þess hver kostnaður þeirra er á líftíma vélknúna ökutækisins, eður ei. Umtalsverður munur getur t.d. verið á kauphegðun kaupenda flutningabifreiða sem kaupa og reka bifreiðaflota og taka tillit til viðhaldskostnaðar þegar þeir kaupa vélknúin ökutæki og kaupenda einstakra vélknúinna ökutækja. Annar þáttur sem skiptir máli er hvort seljendur varahluta, viðgerðaraðilar og/eða dreifiaðilar varahluta, sem starfa á eftirmarkaði óháðir framleiðendum vélknúinna ökutækja, séu fyrir hendi og hver hlutfallsleg staða þeirra er. Í flestum tilvikum er líklegt að fyrir hendi sé tegundarbundinn eftirmarkaður, einkum þar sem meirihluti kaupenda er einstaklingar eða lítil og meðalstór fyrirtæki sem kaupa vélknúin ökutæki og þjónustu á eftirmarkaði með aðskildum hætti og hafa ekki kerfisbundinn aðgang að gögnum sem gerir þeim kleift að meta fyrir fram heildarkostnaðinn við að eiga vélknúin ökutæki.

- 60) Þegar lagt er mat á samkeppnisáhrif löðréttra samninga á eftirmarkað vélknúinna ökutækja, skulu aðilar því gera sér grein fyrir því að Eftirlitsstofnun EFTA er staðráðin í að viðhalda samkeppni bæði milli aðila að viðurkenndum viðgerðarnetum og milli þessara aðila og sjálfstæðra viðgerðaraðila. Í þessu skyni ber að huga sérstaklega að þremur sérstökum tegundum háttsemi sem gætu hamlað slíkri samkeppni, nánar tiltekið að koma í veg fyrir aðgang sjálfstæðra viðgerðaraðila að tækniupplýsingum, misnota lagalega og/eða aukna ábyrgð þannig að hún útiloki sjálfstæða viðgerðaraðila eða skilyrða aðgang að netum viðurkenndra viðgerðaraðila með viðmiðunum sem eru ekki hæfismiðaðar.
- 61) Þótt eftirfarandi þrjú undirkaflar vísi sérstaklega til sérvalinnar dreifingar, gætu aðrar tegundir löðréttra samninga, sem takmarka, beint eða óbeint, fjölda samningstengdra þjónustuaðila við framleiðanda vélknúinna ökutækja, haft sömu samkeppnishamlandi útilokunaráhrif.

Aðgangur sjálfstæðra rekstraraðila að tækniupplýsingum

- 62) Þótt hrein, hæfismiðuð sérvalin dreifing sé alla jafna talin falla utan gildissviðs 1. mgr. 53. gr. þar sem samkeppnishamlandi áhrif séu ekki fyrir hendi ⁽²⁸⁾, geta samningar um hæfismiðaða sérvalda dreifingu við viðurkennda viðgerðaraðila og/eða dreifiaðila varahluta fallið undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. ef, í tengslum við þá samninga, einn aðila hefur uppi háttsemi sem útilokar sjálfstæða rekstraraðila frá markaðnum, t.d. með því að afhenda þeim ekki tæknilegar upplýsingar um viðgerðir og viðhald. Í því samhengi felur hugtakið sjálfstæðir rekstraraðilar í sér sjálfstæða viðgerðaraðila, framleiðendur og dreifiaðila varahluta, framleiðendur viðgerðarbúnaðar og verkfæra, útgefendur tæknilegra upplýsinga, bifreiðaklúbba, vegþjónustufyrirtæki, rekstraraðila sem veita þjónustu tengda skoðun og prófun og rekstraraðila sem þjálfa viðgerðarmenn.
- 63) Birgjar afhenda viðurkenndum viðgerðaraðilum sínum allar nauðsynlegar tækniupplýsingar til þess að þeir geti sinnt viðgerðum og viðhaldi á vélknúnum ökutækjum af vörumerkjum þeirra og eru oft hinir einu sem geta afhent viðgerðaraðilum allar nauðsynlegar tækniupplýsingar um viðkomandi vörumerki. Ef birgir veitir sjálfstæðum rekstraraðilum ekki viðeigandi aðgang að tegundarbundnum tækniupplýsingum um viðgerðir og viðhald, geta hugsanleg neikvæð áhrif samninga hans við viðurkennda viðgerðaraðila og/eða dreifiaðila varahluta við slíkar aðstæður orðið meiri og leitt til þess að samningarnir falli undir ákvæði 1. mgr. 53. gr.
- 64) Að auki gæti markaðsstaða sjálfstæðra rekstraraðila minnkað fái þeir ekki aðgang að nauðsynlegum tækniupplýsingum, með skaðlegum áhrifum fyrir neytendur vegna verulega skerts vals á varahlutum, hærra verðs fyrir viðgerðar- og viðhaldsþjónustu, færri viðgerðaraðila og hugsanlegra öryggisvandamála. Við þær aðstæður yrði skilvirknin, sem að jafnaði mætti búast við af samningum um viðkenndar viðgerðir og varahlutadreifingu, ekki slík að hún myndi vega upp þessi samkeppnishamlandi áhrif og umræddir samningar myndu þar af leiðandi ekki fullnægja skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 53. gr.
- 65) Í gerðinni sem um getur í 1. lið II. viðauka við EES-samninginn (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 ⁽²⁹⁾) um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, svo og í gerðinni sem um getur í lið 45zt í II. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 ⁽³⁰⁾) um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja er kveðið á um kerfi til að miðla upplýsingum um viðgerðir og viðhald að því er varðar fólksbifreiðar sem voru settar á markað frá 1. september 2009. Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ⁽³¹⁾ og í framkvæmdarráðstöfunum þeim sem á eftir fylgdu er kveðið á um slíkt kerfi að því er varðar atvinnuökutæki sem verða sett á markað frá 1. janúar

⁽²⁸⁾ Eins og fram kemur í 54. mgr. hér að framan, er þetta almennt svo á mörkuðum fyrir viðgerðir og viðhald, svo fremi sem sjálfstæðir viðgerðaraðilar bjóði neytendum upp á valkosti í tengslum við viðhald á vélknúnum ökutækjum þeirra.

⁽²⁹⁾ Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1, felld inn í 1. lið II. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun nr. 4/2008 (Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 7, og EES-viðbætur nr. 33, 12.6.2008, bls. 6).

⁽³⁰⁾ Stjtið. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1, felld inn í 45zt. lið í II. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun nr. 43/2009 (Stjtið. ESB L 162, 25.6.2009, bls. 20, og EES-viðbætur nr. 33, 25.6.2009, bls. 5).

⁽³¹⁾ Stjtið. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1. [hefur ekki enn verið felld inn í EES-samninginn]

2013. Eftirlitsstofnun EFTA mun taka tillit til þessara gerða þegar lagt verður mat á mál þar sem grunur leikur á að tækniupplýsingar um viðgerðir og viðhald vélknúinna ökutækja sem voru settar á markað fyrir þessar dagsetningar hafi ekki verið látnar af hendi. Þegar að því er gætt hvort það að tilteknar upplýsingar voru ekki látnar af hendi geti orðið til þess að samningar þeir sem um ræðir falli undir ákvæði 1. mgr. 53. gr., verður að hafa fjölda þátta í huga, m.a.:

- a) hvort umrætt atriði teljist vera tækniupplýsingar eða annars konar upplýsingar, svo sem viðskiptaupplýsingar ⁽³²⁾, sem lögmætt er að láta ekki af hendi,
 - b) hvort það að láta ekki umræddar tækniupplýsingar af hendi muni hafa veruleg áhrif á getu sjálfstæðra rekstraraðila til að sinna störfum sínum og veita markaðnum samkeppnisaðhald,
 - c) hvort umræddar tækniupplýsingar séu látnar af hendi til að aðila að viðkomandi viðurkenndu viðgerðarneti. Ef þær eru afhentar viðurkennda netinu í hvaða formi sem er, ber einnig að afhenda þær sjálfstæðum rekstraraðilum án mismununar,
 - d) hvort umræddar tækniupplýsingar verði endanlega ⁽³³⁾ notaðar í tengslum við viðgerðir og viðhald vélknúinna ökutækja, eða í öðrum tilgangi ⁽³⁴⁾, eins og vegna framleiðslu á varahlutum eða verkfærum.
- 66) Tækni framfarir gefa í skyn að hugtakið tækniupplýsingar sé breytilegt. Sem sérstök dæmi um tækniupplýsingar nú um stundir má nefna hugbúnað, villukóða og aðrar breytur, ásamt uppfærslum sem eru nauðsynlegar til að vinna við rafeinda stýrieiningar í því skyni að setja inn eða endurheimta stillingar sem birgir mælir með, auðkennisnúmer vélknúinna ökutækja eða aðrar aðferðir til að auðkenna vélknúin ökutæki, varahlutaskrár, viðgerða- og viðhaldsverklag, vinnulausnir sem byggja á reynslu og tengjast vandamálum sem hrjá tiltekna tegund eða framleiðslulotu, og innköllunartilkygningar ásamt öðrum tilkygningum þar sem tilteknar eru viðgerðir sem kunna að vera gerðar endurgjaldslaust innan vébanda viðurkennds viðgerðarnets. Varahlutakóði og allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að auðkenna réttan varahlut með vörumerki framleiðanda bifreiðarinnar í tiltekið, einstakt vélknúin ökutæki (það er að segja, varahlut sem framleiðandi bifreiðarinnar myndi alla jafna afhenda aðilum að viðurkenndu viðgerðarneti sínu til að gera við umrætt vélknúin ökutæki) teljast einnig vera tækniupplýsingar ⁽³⁵⁾. Skrárnar yfir atriði í 2. mgr. 6. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið II. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 715/2007) og reglugerðar (EB) nr. 595/2009, sem hefur ekki verið felld inn í EES-samninginn, skal einnig nota sem leiðsögn um hvað Eftirlitsstofnun EFTA lítur á sem tækniupplýsingar í tengslum við beitingu 53. gr.
- 67) Hvernig tækniupplýsingar eru látnar af hendi er einnig mikilvægt til að unnt sé að meta hvort samningar um viðurkenndar viðgerðir samrýmast 53. gr. Veita ber aðgang ef um er beðið og án ónauðsynlegra tafa, upplýsingarnar ber að afhenda á nothæfu formi og verðið sem sett er upp skal ekki fæla frá aðgangi að þeim með því að taka ekki tillit til þess hversu mikið sjálfstæðir rekstraraðilar noti upplýsingarnar. Skylda ætti birgja vélknúinna ökutækja til að veita sjálfstæðum rekstraraðilum aðgang að tækniupplýsingum um ný vélknúin ökutæki á sama tíma og viðurkenndir viðgerðaraðilar fá aðgang að þeim og ekki ætti að skylda sjálfstæða rekstraraðila til að kaupa meiri upplýsingar en þeir þurfa til að sinna umræddu starfi. Samkvæmt ákvæðum 53. gr. er birgi ekki skylt að láta tækniupplýsingar af hendi á stöðluðu formi eða fyrir milligöngu skilgreinds tæknikerfis, eins og CEN/ISO staðla og OASIS-sniðsins, eins og kveðið er á um í gerðinni sem um ræður í 1. lið II. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 715/2007) og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 295/2009 frá 18. mars 2009 um flokkun á ákveðnum vörum í sameinuðu tollnafnaskránni ⁽³⁶⁾ og sambærilegra flokkunarreglna.
- 68) Það sem hér hefur verið rakið gildir einnig um hvort sjálfstæðir rekstraraðilar fái verkfæri og hafi aðgang að þjálfun. „Verkfæri“ í þessu samhengi eru m.a. rafeindagreiningartæki og önnur viðgerðarverkfæri, ásamt tengdum hugbúnaði, þ.m.t. reglulegar uppfærslur á honum og þjónusta við slík verkfæri.

⁽³²⁾ Líta má á viðskiptaupplýsingar sem upplýsingar sem eru notaðar í tengslum við rekstur viðgerða- og viðhaldsfyrirtækis en eru ekki nauðsynlegar vegna viðgerða eða viðhalds vélknúinna ökutækja. Sem dæmi má nefna innheimtuhugbúnað eða upplýsingar um gjaldskrá fyrir tímavinnu innan viðurkennda netsins.

⁽³³⁾ Eins og upplýsingar sem eru afhentar útgefendum vegna endurnýjunar birgða hjá viðgerðaraðilum fyrir vélknúin ökutæki.

⁽³⁴⁾ Líta ber svo á að upplýsingar um hvernig eigi að setja varahlut í vélknúin ökutæki eða hvernig eigi að nota verkfæri séu notaðar vegna viðgerða og viðhalds, en upplýsingar um hönnun, framleiðsluferli eða efni sem eru notuð við framleiðslu varahluta falla ekki innan þessa flokks og því má halda þeim leyndum.

⁽³⁵⁾ Sjálfstæðir rekstraraðilar ættu ekki að þurfa að kaupa umræddan varahlut til að geta fengið þessar upplýsingar.

⁽³⁶⁾ Stjórn. ESB L 95, 9.4.2009, bls. 7. – Varðar ekki EES.

Misnotkun ábyrgða

- 69) Samningar um hæfismiðaða sérvalda dreifingu geta einnig fallið undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. ef birgir og aðilar að viðurkenndu neti hans taka, beint eða óbeint, viðgerðir á tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja frá fyrir aðila að viðurkennda netinu. Það gæti t.d. gerst ef ábyrgð framleiðanda gagnvart kaupanda, hvort sem hún er lögbundin eða aukin, er háð því að endanlegur notandi láti viðgerðir og viðhaldsvinnu sem ábyrgðin tekur ekki til fara eingöngu fram innan viðurkenndra viðgerðarneta. Hið sama gildir um ábyrgðarskilyrði sem gera skylt að nota varahluti af vörumerki framleiðanda þegar skipt er um hluti sem falla ekki undir ábyrgðarskilmálana. Einnig virðist vafasamt að samningar um sérvalda dreifingu sem fela í sér slíka viðskiptahætti geti veitt neytendum það mikinn ávinning að umræddir samningar fái að njóta undanþágunnar í 3. mgr. 53. gr. Ef birgir neitar hins vegar með réttu að samþykka ábyrgðarkröfu á þeirri forsendu að aðstæðurnar sem leiddu til umræddrar kröfu tengist því að viðgerðaraðili hafi ekki framkvæmt tiltekna viðgerð eða sinnt viðhaldi á réttan hátt eða að notaðir hafi verið varahlutir sem eru lélegir að gæðum, hefur það engin áhrif á það hvort samningar birgisins um viðgerðir samrýmist samkeppnisreglum.

Aðgangur að viðurkenndum viðgerðarnetum

- 70) Samkeppni milli viðurkenndra og sjálfstæðra viðgerðaraðila er ekki eina mynd samkeppni sem taka þarf tillit til þegar greint er hvort samningar um viðurkenndar viðgerðir samrýmist 53. gr. Aðilar skulu einnig meta að hve miklu leyti viðurkenndir viðgerðaraðilar innan viðkomandi nets geti keppt innbyrðis. Einn helsti þátturinn sem knýr áfram samkeppni tengist aðgangsskilyrðum að neti sem var sett á laggirnar samkvæmt stöðluðum samningum um viðurkennda viðgerðaraðila. Eftirlitsstofnun EFTA álitur mikilvægt, í ljósi almennt sterkrar markaðsstöðu neta viðurkenndra viðgerðaraðila, sérstaks mikilvægis þeirra fyrir eigendur nýrra vélknúinna ökutækja og þeirrar staðreyndar að neytendur eru ekki reiðubúnir að leggja á sig langt ferðalag til að fá gert við bifreiðar sínar, að aðgangur að viðurkenndum viðgerðarnetum sé alla jafna opinn öllum fyrirtækjum sem uppfylli skilgreindar gæðaviðmiðanir. Ef umsækjendur eru látnir sæta magnbundnu vali er líklegt að samningurinn falli undir ákvæði 1. mgr. 53. gr.
- 71) Sérstök staða kemur upp þegar viðurkenndir viðgerðaraðilar eru einnig skyldaðir til að selja ný vélknúin ökutæki. Líklegt er að samningar um slíkt falli undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. þar eð ekki er þörf á umræddri skuldbindingu vegna eðlis sammingsbundnu þjónustunnar. Að auki gætu samningar, sem fela í sér slíka skuldbindingu að því er varðar viðurkennd vörumerki, alla jafna ekki notið ávinnings af undanþágunni í 3. mgr. 53. gr., þar eð slíkt myndi takmarka mjög aðgang að hinu viðurkennda viðgerðarneti og draga þar með úr samkeppni án þess að færa neytendum samsvarandi ávinning. Í ákveðnum tilvikum gæti birgir, sem hefur áhuga á að hefja sölu á vörumerki á tilteknu markaðssvæði, átt í erfiðleikum í fyrstu með að laða að sér dreifiaðila sem eru tilbúnir að leggja í nauðsynlegar fjárfestingar nema þeir geti verið vissir um að þeir þurfi ekki að keppa við sjálfstæða viðurkennda viðgerðaraðila sem vildu hagnast á þessum upphaflegu fjárfestingum án þess að leggja neitt fram sjálfir. Ef þessi tvenns konar starfsemi væri sammingsbundin í takmarkaðan tíma við þær aðstæður myndi það hafa jákvæð áhrif á samkeppni á markaði fyrir sölu á nýjum vélknúnum ökutækjum með því að gera nýju vörumerki kleift að koma inn á markaðinn og það myndi ekki hafa nein áhrif á hugsanlegan markað fyrir viðgerðir tengdar tilteknu vörumerki, sem væri heldur ekki til ef ekki væri unnt að selja vélknúnu ökutækin. Ólíklegt er því að umræddir samningar falli undir ákvæði 1. mgr. 53. gr.

Upplýsingar frá EFTA-rikinum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu))

2012/EES/57/02

I. HLUTI

Tilvísunarnúmer aðstoðar	GBER 8/2012/REG	
EFTA-riki	Noregur	
Hérað	Heiti héraðs (NUTS)	Svæði sem eiga rétt á aðstoð
Stofnun sem veitir aðstoð	Heiti	Husbanken
	Póstfang Vefsetur	Postboks 1404, 8002 Bodø www.husbanken.no
Fyrirsögn aðstoðarráðstöfunar	Svæðisbundin aðstoð við byggingu húsnæðis	
Innlend lagaákvæði (tilvísun til opinberrar útgáfu lagaákvæðanna)	FOR-2012-04-13-311	
Vefslóð að heildartexta aðstoðarákvæðanna	www.husbanken.no	
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi	X
Gildistími	Aðstoðarkerfi	14.4.2012 til 1.1.2015
Hlutgengar atvinnugreinar	Allar atvinnugreinar sem eiga rétt á aðstoð	X
	Takmarkað við tilteknar greinar – Tilgreina skal nánar í samræmi við NACE 2. endursk.	
Tegund viðtakanda	Lítill og meðalstór fyrirtæki	X
Fjárveiting	Fyrirhuguð árleg heildarfjárveiting til kerfisins	20 milljónir NOK
Aðstoðarform (5. gr.)	Styrkur	X

II. HLUTI

Almenn markmið (upptalning)	Markmið (upptalning)	Hámarksaðstoðarlutfall í % eða hámarksaðstoðarfjárhæð í NOK	Lítill og meðalstór fyrirtæki –viðbótaraðstoð í %
Aðstoð til byggðafjárfestinga og til eflingar atvinnu	Aðstoðarkerfi	15%	
(13. gr.)	Sérákveðin aðstoð (1. mgr. 13. gr.)	... %	

**Kynningatilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 4. mgr. 16. gr. 2012/EES/57/03
reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um
sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu**

**Ákvæði um almannaþjónustukvaðir í áætlunarflugi á leiðum í Finnörku og
Norður-Troms**

Aðildarríki	Noregur
Flugleiðir	Flugsvæði 1: Flugleiðir milli Kirkenes, Vadsø, Vardø, Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn, Honningsvåg, Hammerfest og Alta Flugsvæði 2: Hasvik–Tromsø, Hasvik–Hammerfest, Sørkjosens–Tromsø
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	1. apríl 2013
Textinn, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaðjónustukvaðirnar, er afhentur eftir beiðni sem senda ber:	Samferdselsdepartementet Postboks 8010 Dep NO-0030 Oslo Norge Sími: +47 22 24 83 53, Bréfasími: +47 22 24 56 09 http://www.regjeringen.no/en/dep/sd/Documents/Other-documents/Tenders.html

**Kynningatilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 5. mgr. 17. gr. 2012/EES/57/04
reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um
sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu**

**Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir í
Finnörku og Norður-Troms**

Aðildarríki	Noregur
Flugleiðir	Flugsvæði 1: Flugleiðir milli Kirkenes, Vadsø, Vardø, Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn, Honningsvåg, Hammerfest og Alta Flugsvæði 2: Hasvik–Tromsø, Hasvik–Hammerfest, Sørkjosens–Tromsø
Samningstími	1. apríl 2012 til 31. mars 2017
Frestur til að skila tilboðum	11. desember 2012
Texti útboðsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannaðjónustukvaðirnar, er afhentur eftir beiðni sem senda ber:	Samferdselsdepartementet Postboks 8010 Dep 0030 Oslo, Norge Sími: +47 22 24 83 53 Bréfasími: +47 22 24 56 09 http://www.regjeringen.no/en/dep/sd/Documents/Other-documents/Tenders.html

EFTA-DÓMSTÓLLINN

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2012/EES/57/05

frá 15. desember 2011

í máli E-1/11

Dr. A

(Frjálssir fólksflutningar – Tilskipun 2005/36/EB – Gagnkvæm viðurkenning á faglegri menntun og hæfi – Verndun lýðheilsu – Bann við mismunun – Meðalhóf)

Hinn 15. desember 2011 felldi dómstóllinn dóm í máli E-1/11 Dr. A – Beiðni Statens helsepersonellnemnd (áfrýjunarnefndar norskra heilbrigðisstarfsmanna), samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, um túlkun á tilskipun 2005/36/EB og öðrum EES-rétti. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen og Páll Hreinsson (framsögumaður). Dómsorðin eru svofelld:

- Yfirvöldum í aðildarríkjum EES er að meginreglu óheimilt samkvæmt tilskipun 2005/36/EB að beita ákvæðum í landsrétti sem kveða á um rétt til að neita farandlaunþega frá öðru EES-ríki, sem fullnægir formlega skilyrðum tilskipunarinnar um rétt til gagnkvæmrar viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi, um starfsleyfi sem lækni.
- EES-ríki er þó heimilt að setja það skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis að umsækjandi búi yfir nauðsynlegri tungumálakunnáttu til að stunda starf á yfirráðasvæði þess.
- EES-ríki er að auki því aðeins heimilt að fella úr gildi tímabundið eða afturkalla leyfi til að starfa sem lækni á grundvelli upplýsinga um persónulega hæfni farandlæknis í tengslum við annars konar faglega menntun og hæfi en tungumálafærni, eins og þá sem hér um ræðir, að slíkar kröfur séu rökstuddar á hlutlægan hátt og að þær séu hóflegar til að ná fram markmiði um verndun lýðheilsu og ef sömu upplýsingar myndu einnig leiða til þess að starfsleyfi innlends læknis yrði fellt úr gildi tímabundið eða afturkallað. Ef lögbær yfirvöld hafa, við framkvæmd matsins, slíkar ástæður til að fella starfsleyfi úr gildi tímabundið eða afturkalla það, er heimilt að synja um leyfið.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2012/EES/57/06****frá 30. mars 2012****í sameinuðum málum E-17/10 og E-6/11****Furstadæmið Liechtenstein og VTM Fundmanagement AG gegn Eftirlitsstofnun EFTA**

(Krafa um ógildingu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA – Ríkisaðstoð – Sérreglur um skattlagningu fjárfestingarfélaga – Hversu sértæk ráðstöfunin er – Gildandi aðstoð og ný aðstoð – Endurgreiðsla – Réttmætar væntingar – Réttarvissa – Skylda til að rökstyðja ákvarðanir)

Hinn 30. mars 2012 felldi dómstóllinn dóm í sameinuðum málum E-17/10 og E-6/11 Furstadæmið Liechtenstein og VTM Fundmanagement AG gegn Eftirlitsstofnun EFTA – Krafa um ógildingu ákvörðunar 416/10/COL frá 3. nóvember 2010 varðandi skattlagningu fjárfestingarfyrirtækja samkvæmt skattalögum Liechtensteins. Dóminn skipuðu dómarnir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen og Páll Hreinsson (framsögumaður). Dómsorðin eru svofelld:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Málunum er vísað frá.
2. Sóknaraðilum ber að greiða málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2012/EES/57/07****frá 30. mars 2012****í máli E-7/11****Grund, elli- og hjúkrunarheimili gegn Lyfjastofnun**

(Tilskipun 2001/83/EB – Frjálsir vöruflutningar – Lyf – Samhliða innflutningur – Gæðavottorð – Standa vörð um almannáheilbrigði – Réttlæting – Tungumálakröfur varðandi merkingu og fylgiseðla)

Hinn 30. mars 2012 felldi dómstóllinn dóm í máli E-7/11 Grund, elli- og hjúkrunarheimili gegn Lyfjastofnun – Beiðni Héraðsdóms Reykjavíkur samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-rikkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á tilskipun 2001/83/EB og 11. og 13. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Dóminn skipuðu dómarmennirnir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson. Dómsorðin eru svofelld:

1. Yfirvöld aðildarríkis geta kveðið á um að innflutningur sjúkrastofnana eins og stefnanda, á lyfjum frá Noregi með þarlendu markaðsleyfi, og sem eru nákvæmlega eins eða sambærileg lyfjum sem hafa markaðsleyfi á Íslandi og eru aðeins ætluð vistmönnum sjúkrastofnunarinnar, sé háður samhliða innflutningsleyfi.

Slíkt leyfi verður að vera gefið út á grundvelli reglna sem takmarkast við það að umrædd lyf hafi gilt markaðsleyfi í EES-útflutningsríkinu, og að lyf sé nákvæmlega eins eða sambærilegt lyfjum sem hafa markaðsleyfi í EES-innflutningsríkinu.

Í slíkum tilvikum mega yfirvöld aðildarríkis ekki krefja þá sem stunda samhliða innflutning, eins og stefnanda, um að leggja fram gæðavottorð fyrir framleiðslu. Slíka framkvæmd er ekki hægt að réttlæta á grundvelli 13. gr. EES-samningsins.

2. Þegar lyf er ekki afhent sjúklingi beint til sjálfsmeðferðar er heimild lögbærra yfirvalda til að veita undanþágur á grundvelli 3. mgr. 63. gr. tilskipunar 2001/83 EB takmörkuð af almennum meginreglum EES-réttar. Heimildinni má ekki beita með þeim hætti að settar séu fram kröfur sem ganga lengra en nauðsynlegt er eða þannig að opinberu valdi sé beitt eftir geðþótta eða því misbeitt á annan hátt, sér í lagi á grundvelli sjónarmiða um verndarstefnu.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2012/EES/57/08****frá 18. apríl 2012****í máli E-15/10****Posten Norge AS gegn Eftirlitsstofnun EFTA**

(Krafa um ógildingu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA – Samkeppni – Misnotkun á markaðsráðandi stöðu – Markaður fyrir afhendingu böggla frá fyrirtækjum til neytenda yfir borðið – Dreifikerfi – Einkaréttarsamningar – Framferði sem er líklegt til að koma í veg fyrir samkeppni á markaði – Réttlæting – Hversu lengi brot hefur staðið – Sekt)

Hinn 18. apríl 2012 felldi dómstóllinn dóm í máli E-15/10 Posten Norge AS gegn Eftirlitsstofnun EFTA – Krafa um ógildingu ákvörðunar 322/10/COL frá 14. júlí 2010 um málarekstur samkvæmt 54. gr. EES-samningsins (mál nr. 34250 Posten Norge/Privpak) eða, til vara, ógildingu eða lækkun sektar sem lögð var á sóknaraðila í þeirri ákvörðun. Dóminn skipuðu dómaramarnir Carl Baudenbacher, forseti og framsögumaður, Per Christiansen og Páll Hreinsson. Dómsorðin eru svofelld:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Sekt Posten Norge AS, sem kemur fram í 2. gr. ákvörðunar 322/10/COL frá 14. júlí 2010 um málarekstur samkvæmt 54. gr. EES-samningsins (mál nr. 34250 Posten Norge/Privpak), er ákveðin 11 112 000 evrur.
2. Öðrum liðum kærunnar er vísað frá.
3. Posten Norge AS greiði eigin málskostnað og 75% málskostnaðar Eftirlitsstofnunar EFTA og málskostnað Schenker North AB, Schenker Privpak AB og Schenker Privpak AS.
4. Eftirlitsstofnun EFTA greiði það sem eftir stendur af eigin málskostnaði.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2012/EES/57/09

(mál COMP/M.6541 – Glencore/Xstrata)

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. október 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Glencore International Plc („Glencore“, sem skráð er í Jersey og með höfuðstöðvar í Sviss) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í svissneska fyrirtækinu Xstrata Plc („Xstrata“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Glencore: framleiðir og hefur viðskipti með ýmsar hrávörur og hráefni. Starfsemi Glencore's skiptist í þrjá hluta: i) málm og jarðefni – t.d. ál, súrál, sink, kopar, blý, járnblendi, nikkil, kóbalt og járngrýti, ii) orkuvörur – t.d. hráolía, olíuvörur, kol og koks, iii) landbúnaðarvörur – t.d. hveiti, maís, bygg, matarolíur, olíufræ, baðmull og sykur
 - Xstrata: er samstæða með starfsemi á fimm meginsviðum í tengslum við náttúruauðlindir: i) málmblendi sem samanstendur af járnkrómi og vanadíum og málmum í platínuflokki, ii) kol, iii) kopar, iv) nikkil og v) sink-blý
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 304, 9. október 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6541 – Glencore/Xstrata, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6677– MOL/KMG EP/JV)**

2012/EES/57/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. október 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ungverska fyrirtækið MOL Hungarian Oil and Gas Plc („MOL“) og kasakska fyrirtækið JSC KazMunaiGas Exploration Production („KMG EP“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi 3. mgr. 4. gr. samrunareglugerðar EB, í nýstofnuðu fyrirtæki um samrekstur (JV) í Kasakstan.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - MOL: starfsemi sem tengist olíu og gasi
 - KMG EP: starfsemi sem tengist olíu og gasi
 - JV: leit og nýting á olíu og gasi í Kasakstan
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 304, 9. október 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/ M.6677 – MOL/KMG EP/JV, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/57/11**
(mál COMP/M.6599 – Comsa Rail Transport/Naviland Cargo/Grupo Logístico Sesé/Target)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 3. október 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32012M6599. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/57/12**
(mál COMP/M.6600 – AAEC/Entero/BMC Investments)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 3. ágúst 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32012M6600. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/57/13**
(mál COMP/M.6638 – ABN AMRO/Rabobank/Landsbanki/Heiploeg)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 23. ágúst 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6638. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/57/14**
(mál COMP/M.6668 – Mond/Nordenia)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 29. ágúst 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6668. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/57/15**
(mál COMP/M.6688 – KKR/Württembergische Metallwaren Fabrik)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 4. september 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6688. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/57/16**
(mál COMP/M.6693 – Tech Data/Brightstar Europe)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 5. september 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6693. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

2012/EES/57/17

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
**(mál COMP/M.6698 – Cheung Kong Holdings/Cheung Kong Infrastructure Holdings/
Power Assets Holdings/MGN Gas Networks)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 26. september 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6698. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

2012/EES/57/18

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6712 – Carlyle/Getty Images)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 5. október 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6698. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ríkisaðstoð – Malta**2012/EES/57/19****Málsnúmer SA.33829 (2012/C) (áður-2012/NN) – Kerfi tonnatöluskatts og aðrar ríkisaðstoðarráðstafanir í þágu skipafélaga á Möltu****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum á Möltu, með bréfi dagsettu 25. júlí 2012, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB ([C 289, 25.9.2012](#), bls. 49). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Registry
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË
Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld á Möltu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð – Frakkland**2012/EES/57/20****Málsnúmer SA.22843 (2012/C) (áður 2012/NN) – Siglingaleiðir milli Marseille og Korsíku sem eru starfræktar af SNCM og CMN****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Frakklandi, með bréfi dagsettu 27. júní 2012, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB ([C 301, 5.10.2012](#), bls. 1). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Registry
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË
Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Frakklandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð – Austurríki**2012/EES/57/21****Málsnúmer SA.15836 (2012/C) (áður NN 34/2000 og NN 34A/2000) – AMA
markaðsráðstafanir****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um
starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Austurríki, með bréfi dagsettu 12. júní 2012, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB (C 301, 5.10.2012, bls. 22). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Agriculture and Rural development
Directorate M2
Building/Office L130 5/140
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË
Bréfasími: +32 22967672

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Austurríki. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð – Ítalía**2012/EES/57/22****Málsnúmer SA.33412 (2012/C) (áður 2011/N) – Framlenging á aðstoðarkerfi vegna
þróunar á birgðastjórnunarkerfjum og endurbætur á samþættingu (Ecobonus)****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um
starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum á Ítalíu, með bréfi dagsettu 25. júlí 2012, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB (C 301, 5.10.2012, bls. 49). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Registry
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË
Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld á Ítalíu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð – Grikkland**2012/EES/57/23****Málsnúmer SA.28876 (2012/C) (áður 2012/NN) – Gámahöfnin í Piraeus og Cosco Pacific Limited****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Grikklandi, með bréfi dagsettu 11. júlí 2012, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB (C 301, 5.10.2012, bls. 55). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Registry
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË
Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Grikklandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ákvörðun um að hætta formlegri rannsókn í kjölfar þess að aðildarríki afturkallar tilkynningu**2012/EES/57/24****Ríkisaðstoð – Ítalía****(107. til 109. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins)****Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans – Tilkynning afturkölluð****Málsnúmer SA.28642 (C 17/10 (áður N 315/09)) – Firmin Srl**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hætta formlegri rannsókn á ofangreindri aðstoð sem stofnað var til 20. júlí 2010 í samræmi við 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans ⁽¹⁾ með vísan til þess að stjórnvöld á Ítalíu afturkölluðu tilkynningu um aðstoðina 27. júní 2012 og hafa ekki áform um framhald á þessu aðstoðarverkefni.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 278, 15.10.2010, bls. 28.